



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1084  
komudagur 24.2.2004

Alþingi – nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Húsavík, 24. febrúar 2004

**Efni: Umsögn bæjarráðs Húsavíkurbæjar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.**

### Almennt

Bæjarráð Húsavíkurbæjar leggur áherslu á hlutverk náttúruverndaráætlunar sem landnýtingaráætlunar. Í því ljósi er nauðsynlegt að allar verndunaraðgerðir sem lagðar eru til hafi að leiðarljósi grundvallarhugsun nútíma stjórnsýslu, þ.m.t. meðalhófsregluna, þ.e. að ætíð sé beitt vægasta úrræði til að ná settu marki. Verndun einstakra landsvæða og/eða dýrategunda hlýtur m.a. að skoðast í ljósi tilveru mannsins og því eðlilegt að tillögur um verndun svæða í einstökum landshlutum taki tilliti til hagsmuna íbúa viðkomandi svæða. Lífsafkoma margra byggðarlaga og ekki síður von um blómlegt mannlíf í framtíðinni byggir á því að tækifæri byggðanna til eðlilegrar nýtingar náttúruauðlinda sinna verði ekki frá þeim tekin í krafti misvel igrundaðra friðunarákvæða.

### I. Fuglasvæði

#### g. Öxarfjörður

Bæjarráð Húsavíkurbæjar leggur áherslu á að náíð samráð verði haft við hreppsnefnd Kelduneshrepps og landeigendur í sveitarfélaginu sem málið varðar. Með tilliti til þess að megináhersla er lögð á friðun flórgoða, og að hans aðalvarpsvæði er á Víkingavatni, er afmörkun svæðisins, sem tekur til stórs hluta alls undirlendis við Öxarfjörð, allt of umfangsmikil. Innan svæðisins er jarðhitasvæði þar sem Íslensk orka ehf. hefur þegar hafið framkvæmdir og hafa vonir verið bundnar við nýtingu svæðisins til atvinnuuppbyggingar í héraðinu. Friðun þess myndi setja slík áform í uppnám.

### II. Stækkun þjóðgarða.

#### a. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum

Bæjarráð Húsavíkurbæjar leggur áherslu að jafnhliða hugsanlegri stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum verði honum tryggðir auknir fjármunir þannig að starfsemi hans nýtist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Í því sambandi er sérstök áhersla lögð á samstarf við sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Með vinsæld og virðingu,  
Bæjarstjórn Húsavíkur  
Reinhard Reynisson